

Fundargerð 109. fundar

skólamálanefndar sambandsins

Árið 2017, mánudaginn 11. desember kl. 13:30 kom skólamálanefnd sambandsins saman til fundar í Hlaðbúð, Borgartúni 30 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Helga Guðmundsdóttir, Skúli Helgason, Þorsteinn Hjartarson og Anna Magnea Hreinsdóttir.

Að auki sátu fundinn: Guðjón Bragason sviðsstjóri, Klara Eiríka Finnbogadóttir sérfræðingur í skólámálum, Valgerður Freyja Ágústsdóttir sérfræðingur, Svandís Ingimundardóttir skólamálafulltrúi og Þórður Kristjánsson sérfræðingur í skólámálum, sem ritaði fundargerð.

Margrét Halldórsdóttir boðaði forföll.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Niðurstöður Skólaþings sveitarfélaga 2017 - 1705027SA

Skólamálafulltrúi kynnti skýrslu Skólaþings sveitarfélaga, sem haldið var 6. nóvember sl., ásamt niðurstöðum umræðuhópa.

Skýrslan fékk jákvæð viðbrögð skólamálanefndar, sem taldi að afrakstur þingsins myndi gagnast vel í þeim verkefnum sem sambandið vinnur að í umræddum málefnum. Óskaði nefndin eftir að tekin yrði saman stutt niðurstaða úr hverjum umræðupætti til viðbótar við upptalningu helstu tillögupunkta. Sviðsstjóri vakti athygli á mjög jákvæðu ráðstefnumati, sem endurspeglar mikla ánægju skólaþingsgesta með skipulag, framkvæmd og áherslur skólaþingsins að þessu sinni og þakkaði skólamálafulltrúa sérstaklega fyrir hennar þátt við skipulagningu þingsins.

2. Sameiginleg framtíðarsýn fyrir grunnskólastarf 2007-2020 - mat á framgangi - 1511133SA

Skólamálafulltrúi greindi frá niðurstöðum starfshóps, sem lagt hefur mat á framgang og stöðu framtíðarsýnar fyrir grunnskólann sem unnin var árið 2007 í samstarfi sambandsins, FG og SÍ.

Lögð var áhersla á að meta hvaða atriði í framtíðarsýninni frá 2007 væru komin til framkvæmda með nýjum lögum, reglugerðum, námskrám o.s.frv., eða ættu ekki lengur við. Voru þeir þættir teknir út ásamt mælikvörðum þar sem grunnlínuviðmið lágu ekki fyrir í upphafi og því ekki mögulegt að mæla framgang framtíðarsýnar á þeim grunni. Þá voru markmið og aðgerðir framtíðarsýnarinnar endurorðuð þar sem við átti í samræmi við þróun skólastarfs og umgjörð þess á umliðnum áratug. Eftir standa þau atriði sem hópurinn telur ástæðu til að halda áfram á lofti við þróun grunnskólans og beinir ákvörðunum um næstu skref til skólamálanefnda samstarfsaðilanna.

Skólamálanefnd lýsti yfir ánægju sinni með þessa vinnu og telur mikinn samhljóm í þeim þáttum framtíðarsýnar sem út af standa við þá vinnu sem fram fer í dag í tengslum við framkvæmd opinberrar menntastefnu, nýliðunarmál, kennaramenntun o.fl. Leggur nefndin til að áframhald verði á samstarfi aðila og verkefnin samþætt. Skólamálanefnd leggur jafnframt til að vinnuhópurinn forgangsraði þeim aðgerðum sem fram koma í framtíðarsýninni og setji stuðning við skólastjórnendur í forgrunn. Stefnt er að því að funda í því samhengi m.a. með nýkjörnum formanni Skólastjórufélags Íslands.

3. Þróunarverkefni um ytra mat á grunnskólum. Framhald til 2020 - 151110SA

Valgerður Freyja Ágústsdóttir fulltrúi sambandsins í stýrihópi um þróunarverkefni um ytra mat í grunnskólum, greindi frá stöðu verkefnisins. Nýr samningur hefur verið gerður við jöfnunarsjóð um fjármögnun ytra mats til næstu þriggja ára í þeim tilgangi að loka fyrsta matshring í grunnskólum landsins utan Reykjavíkur. Kostnaðarskipting samkvæmt samningnum er þannig að Jöfnunarsjóður greiðir 50% (var 40%) á móti 50% ráðuneytis (MMS)(var 60%) sem sér um umsýslu og framkvæmd verkefnis.

Skólamálanefnd lýsir ánægju með að niðurstaða skuli fengin um það hvernig ljúka skuli þessu samstarfsverkefni ríkis og sveitarfélaga. Leggur nefndin áherslu á að fljótlega þurfi að liggja fyrir ákvörðun um hvaða fyrirkomulag taki við að samningstíma loknum því setja þurfi framkvæmd ytra mats í fastákveðinn farveg til framtíðar.

4. Endurmenntunarsjóður grunnskóla 2018-2019 - 1711002NA

Klara E. Finnbogadóttir, starfsmaður Námsleyfasjóðs, fór yfir áherslusvið sl. ára og óskaði eftir hugmyndum skólamálanefndar að áherslum Endurmenntunarsjóðs grunnskóla vegna skólaársins 2018-2019. Opnað verður fyrir umsóknir í Endurmenntunarsjóð grunnskóla eftir miðjan janúar og er fjármagn tryggt en ekki er vitað hversu háa upphæð sjóðurinn fær að þessu sinni.

Skólamálanefnd leggur til eftirfarandi áherslusvið: nýsköpun, upplýsinga- og tæknimennt, starfsnám/verknám, tvítyngd börn, heilbrigði og vellíðan, kennsluhættir í fjölbreyttum hópi nemenda, foreldrasamvinna, bekkjar- og agastjórnun.

5. Niðurstöður lesfimiþrófa - hagnýting inn í læsistefnu sveitarfélaga - 1603028SA

Starfsmenn Menntamálastofnunar (MMS), sérfræðingarnir Hafdís Guðrún Hilmarsdóttir, Andrea Anna Guðjónsdóttir og Guðbjörg Rut Þórisdóttir auk Sverris Óskarssonar sviðsstjóra kynntu framvindu og stöðu læsisverkefnisins sem byggir á Þjóðarsáttmála um læsi frá 2015, sem öll sveitarfélög undirrituðu. MMS hvetur starfsmenn skóla og fulltrúa sveitarfélaga til þess að leita til stofnunarinnar eftir frekari ráðgjöf og stuðningi í því skyni að efla læsi innan sinna vébanda og við gerð læsisstefna. Greint var frá nýjum lesferilsprófabanka, sagt frá niðurstöðum lesfimiþrófa og mögulegri hagnýtingu þeirra í skólum og sveitarfélögum en alls tóku 36.000 börn prófin í september sl. Er þetta í fyrsta skipti sem svo margir skólar hafa tekið þátt og fengið skýra endurgjöf. Niðurstöður eru unnar niður á hvern nemanda, sem auðveldar skólum að skipuleggja markvissa íhlutun. Var tekið fram að þessi gögn eru einungis aðgengileg hverjum skóla en fræðsluyfirvöld og

kjörnir fulltrúar sveitarfélaganna eru hvött til að kynna sér opinberar niðurstöður sem birtast í útgefnum skýrslum.

Skólamálanefnd þakkaði fyrir þessa ítarlegu kynningu og hrósaði MMS fyrir öflugt starf við innleiðingu Þjóðarsáttmálans um læsi og vinnu við þau mælitæki sem skólar og sveitarfélög geta hagnýtt við að fylgja honum eftir. Í umræðum kom fram mikilvægi þess að sveitarfélög setji sér læsisstefnu sem nær til alls samfélagsins. Viðmið um læsisstefnu eru aðgengileg hjá MMS, sem veitir einnig ráðgjöf við gerð þeirra eftir óskum sveitarfélaga. Nokkur umræða spannst um þá stöðu að fræðslufirvöld í sveitarfélögum þurfi leyfi skólastjóra til að fá aðgengi að upplýsingum úr Skólagáttinni og það rætt í samhengi við Evrópulöggjöf um persónuvernd sem taka mun gildi í upphafi næsta árs. Skólamálanefnd taldi ástæðu til þess að MMS skoði möguleika á því að fræðslufirvöld fái aðgengi að Skólagátt sem veiti þeim yfirsýn yfir stöðu mála í eigin sveitarfélagi, ópersónugreinanlegar.

6. Inntak kennaramenntunar á Menntavísindasviði HÍ - 1511122SA

Rætt var um breytingar á inntaki og áherslum í kennaramenntun sem unnið er að á MVS og hvernig þær samrýmast þörfum og óskum vettvangs. Í stefnumörkun sambandsins er lögð áhersla á að lagt verði mat á inntak kennaranáms, það þjóni þörfum skólastarfs á hverjum tíma og aukin áhersla verði lögð á vettvangsnám og hagnýtingu í starfi.

Skólamálanefnd leggur til að nefndin fundi með yfirstjórn HÍ og menntavísindasviði þar sem farið verði yfir fyrirhugaðar breytingar á inntaki og áherslum í kennaramenntun, hvernig þær þjóna óskum kennara og kennaranema, og skólamálanefnd og sérfræðingar sambandsins reifi sjónarmið sambandsins á grundvelli stefnumörkunar þess varðandi þróun kennarnáms.

7. Skólastjóraráfélag Íslands - ályktanir aðalfundar 2017 - 1711022SA

Lagðar fram til kynningar ályktanir frá aðalfundi Skólastjóraráfélags Íslands, sem haldinn var 14. október 2017. Þær taka til kjaramála, fjármögnunar, ytra mats á grunnskólum, nýliðunar og kennaraskorts, rannsókna í menntavísindum og hæfnimiðaðs náms og námsmat.

8. Félag um leiklist í skólastarfi FLÍSS - ályktun - 1710035SA

Lögð fram til kynningar ályktun aðalfundar FLÍSS, Félags um leiklist í skólastarfi, dags. 26. október 2017, sem áréttar mikilvægi þess að standa við lögbundin markmið aðalnámskrár er varða leiklistarkennslu.

Skólamálanefnd leggur til að FLÍSS verði boðið til fundar með sérfræðingum sambandsins til að afla frekari upplýsinga.

9. Námsleyfi 2018-2019 - 1705001NA

Klara E. Finnbogadóttir, starfsmaður Námsleyfasjóðs, greindi frá úthlutun sjóðsins vegna skólaársins 2018-2019, en úthlutun er lokið. Alls bárust Námsleyfasjóði 139 fullgildar umsóknir. Fjármagn til úthlutunar leyfði 40 námsleyfi, þar af þrjú til sex mánaða. Aðeins var hægt að verða við um 29% þeirra beiðna sem fyrir lágu. Námsleyfum var skipt á milli landshluta með hliðsjón af fjölda starfandi kennara og stjórnenda eftir landshlutum. Áherslusvið sjóðsins að þessu sinni var nám á

sviði skóla margbreytileikans og heilsueflandi skólastarfs. Nöfn námsleyfishafa verða birt á vefsíðu Námsleyfasjóðs um miðjan desember nk.

Fundi var slitið kl. 16:00

Helga Guðmundsdóttir

Skúli Helgason

Þorsteinn Hjartarson

Anna Magnea Hreinsdóttir